



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/993
komudagur 18. 2. 2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16.2. 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um erfðafjárskatt, 435 mál.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir setningu nýrra heildarlaga um erfðafjárskatt sem komi í stað laga nr 83/1984 um sama efni. Í öllum verulegum atriðum felur frumvarpið í sér þarfar og æskilegar breytingar á stjórnslu ríkisins hvað álagningu og innheimtu erfðafjárskatts varðar. Þess utan felur frumvarpið í sér tvær megin breytingar sem annars vegar er lækkun skatthlutfalls og hækkun skattfrelsmarkna. Áætluð lækkun skatttekna er áætluð 300-400 milljónir á ári eða um 50% m.v. áætlun þessa árs.

Samkvæmt gildandi lögum eru skattmörk afar lág eða 60.000 kr. Gert er ráð fyrir að þau verði hækkuð í 1 milljón. Samkvæmt gildandi lögum er erfðafjárskattur af 1 milljón króna, 51.700 kr. Samkvæmt framansögðu mun erfðafjárskattur alls þorra erfingja í litlum og meðalstórum dánarbúum lækka og styður Alþýðusamband Íslands þá ráðstöfun.

ASÍ leggst hins vegar gegn því að skatthlutfall erfðafjárskatts verði lækkað. Sú ráðstöfun mun koma þeim best sem mest erfa meðan hún er hlutlaus eða léttvæg gagnvart öllum almenningi. ASÍ telur aðrar ráðstafanir til lækkunar skatta brýnni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við ákvörðun gjaldstofns verði að eins og fyrr miðað að meginstefnu við markaðsverðmæti eigna. Frá þessu eru gerðar 4 undantekningar.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fasteignir teljist áfram fram á fasteignamati. Þetta er eðlileg regla og í fullu samræmi við gildandi skattalög en almennt er leitast við að fasteignamat endurspegli í raun það verðmæti sem að baki matinu búa. Það nýmæli er í lögnum að ef matsverð fasteignar er undir fasteignamati þá skuli það lægra gilda. Þetta er einnig til bóta m.a. vegna raun verðmætis fasteigna utan þéttbýlis. Segja má því að þessi "undantekning" sé í raun staðfesting á meginreglu 9.gr. frumvarpsins um raunverulegt heildarverðmæti.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að eignir seldar á nauðungaruppboðum skuli taldar fram á uppboðsverði sem sömuleiðis er í raun staðfesting á meginreglu 9.gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að búpeningur skuli talinn fram með sama hætti og gert er í skattframtali vegna þess árs sem erfðafjárskattur er greiddur. Þetta er einnig í samræmi við meginreglu 9.gr. um raunverðmæti framtalinna verðmæta en hér er miðað við árlega auglýst skattmat.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að hlutabréf séu talin fram á nafnverði að meðtöldum jöfnunarhlutabréfum sem réttur stofnast fyrir lok skipta. Þetta ákvæði felur í reynd í sér einu undanþáguna frá raunvirðismati eigna. Sagt er í greinargerð að hér sé viðhaldið sömu undanþágu og áður gildi. Þetta er rangt. Við setningu fyrri laga og forvera þeirra var ekki til raunverulegur markaður með hlutabréf hér á landi og því eðlilegt að þau væru talin fram á nafnverði að viðbættum jöfnunarbréfum. Þetta hefur breyst og verðmæti hlutabréfa á hverjum tíma býsna vel þekkt og auð metanlegt. ASÍ telur ekki ástæðu til annars en að hlutabréf verði í þessu sambandi meðhöndluð með sama hætti og önnur verðbréf en veðskuldabréf, húsbréf, fasteignaveðbréf og spariskírteini ríkissjóðs önnur slík lúta öll meginreglunni um almennt markaðsverðmæti.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ